

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Mosavegur, hjúkrunarheimili.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 27. apríl 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, einingu H, vegna hjúkrunarheimilis við Mosaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð 9.750 m² að stærð. Heimildum til uppbyggingar á svæðinu er breytt þannig að í stað íþróttahúss og sundlaugar verði heimilt að byggja 3-5 hæða hjúkrunarheimili með allt að 145 rýmum og tengdri þjónustu. Settir eru sérskilmálar fyrir uppbygginguna.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýi Skerjafjörður.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 2. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Nýja Skerjafjarðar. Við vinnslu deiliskipulagstillögu var m.a. horft til umhverfisgæða með hliðsjón af uppfærðu aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Breytingin felst í:

1. Komið er fyrir dreifistöðvum Veitna ohf. með byggingarreitum á þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðis. Ein dreifistöðin, sú sem er nyrst í græna ásnúm, fær sérlóð.
2. Kafla 5.10 vegna lóðar 5 í greinargerð er breytt.
3. Afmörkun fylgilóða fyrir djúpgáma í götum er felld niður og gert er ráð fyrir sorpgerðum á lóðum sérbyla og raðhúsa og djúpgámum á fjölbýlishúsalóðum undir einu eignarhaldi.
4. Akfær stígur á lóð 5 er felldur niður og byggingarreitur austan megin lóðar verður þá óslitinn en þess í stað er komið fyrir akfærum stíg vestan megin lóðar að djúpgámum.
5. Svæði afmörkuð á uppdrætti fyrir tímabundin haugsvæði vegna geymslu á menguðum jarðvegi á meðan vinna við jarðvegshreinsun stendur yfir, samtals 1 ha að stærð.
6. Tákn fyrir ofanvatnsrás á grænu svæði vestast á skipulagssvæði tekið út vegna breyttrar hönnunar ofanvatnslausna.
7. Byggingarreitir fyrir raðhús á lóð 2 eru dregnir inn 2 m frá hjólastíg til að rýmka milli hjólastígs og húsgafla.
8. Byggingarreitir sérbyla við Skeljanes eru stækkaðir.
9. Lóðum 2, 3, 4, 6 og 10 er skipt upp í smærri lóðareiningar.
10. Skilmálar fyrir lóð 10 undir hjúkrunarheimili eru felldir úr gildi en fjölbýlishúsum komið fyrir með allt að 80 íbúðum á lóðum 10a og 10b.
11. Lóðir sem snúa að miðsvæðum hafi heimild til atvinnu- og þjónusturýma á jarðhæðum sem snúa að götu.
12. Stök hús í inngörðum á reitum 4 og 6 eru minnkuð.
13. Götuheitum nafnanefndar bætt inn á uppdrátt.
14. Við port og sund á lóðum 3, 4, 5 og 10 skal vera uppbot í útvegg og vandaður frágangur.
15. Spennistöðvar innan skólalóðar (11) og lóðar Veitna (17) eru færðar á norðvestur horn og suðaustur horn skólalóðar og hvorri gefin sér lóð, lóðir 19 og 20, á kostnað skólalóðar.
16. Akstursstefnur eru fjarlægðar af uppdrætti.
17. Árétting vegna aðgerða til að tempra vindstrengi vegna flugöryggis Reykjavíkflugvallar er bætt inn í kafla 4, 4.1. og 4.21.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lindargata 58.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 58 við

Lindargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að setja svalir á bakhlið hússins með tröppum út í garð.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fiskislóð 39.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 39 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að nýtingarhlutfall er hækkað svo hægt sé að koma fyrir millilofti yfir núverandi lagerrými. Við breytinguna eykst byggingarmagn lóðar.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nökkvavogur 42.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. maí 2023, breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 42 við Nökkvavog. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að setja svalir á húsið með tröppum niður í garð, 1,8 metra út fyrir byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. júní 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 2. júní 2023